



## FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBROTASKÓLANS Í GARÐABÆ

### 3. FUNDUR Á VORÖNN 2018

MIÐVIKUDAGINN 7. FEBRÚAR KL. 13:15

#### 1. Bréf til skólaráðs

##### A. Umsóknir um leyfi

##### Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.

Leyfi vegna keppni eða ferðar á vegum íþróttafélags er veitt ef staðfesting frá þjálfara liggur fyrir. Ef nemendur þurfa leyfi vegna annarra ferða er það skoðað og síðan afgreitt í lok annar á þann hátt að ef skólasókn er óaðfinnaleg [97%] að öðru leyti er leyfið veitt í flestum tilfellum. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

##### B. Umsóknir um mat á íþróttum, skerta tímasókn, undanfarabrot

Vísað til kennslustjóra í íþróttum til afgreiðslu.

##### C. Önnur bréf

Nemandi sækir um undanþágu frá stærðfræði og tengdum greinum til stúdentsprófs

Vísað til kennslustjóra í stærðfræði til umsagnar.

Þrír nemendur segja sig frá námi.

#### 2. Félagslíf og fjármál NFFG

Allt er í nokkuð góðum málum hjá NFFG. Undirbúningur fyrir árshátíðina gengur vel og Kristinn ræddi mikilvægi þess að hópur þarf að ganga í kringum Mýrina morguninn eftir til að taka upp rusl sem árshátíðargestir geta hafa skilið eftir.

Spurning kom upp um hvort ÓNFFG (aðilar utan NFFG) fengju aðgang að matnum. Eftir töluverðar umræður var ákveðið að þeir einir sem geta keypt sig inn í matinn eru meðlimir NFFG svo og þeir nemendur skólans sem útskrifuðust H17.

Enn er beðið eftir skemmtanaleyfinu en svörin eru mismunandi þegar eftir þeim er leitað. Það nýjasta er að heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar og Kópavogs á eftir að gefa svar.

Skíðaferð nemendafélagsins verður 7. – 9. mars.

#### 3. Önnur mál

Kristinn sagði frá fundi sem foreldrafélagið ætlar að standa fyrir í FG 5. mars. Þangað verður foreldrafélögum annarra framhaldsskóla boðið að koma.

Umræða um sálfræðiþjónustu fyrir framhaldsskólanemendur.

##### Fundinn sátu:

Anna Jeeves, fulltrúi kennara  
Dagný H. Broddadóttir, náms- og starfsráðgjafi  
Edith Edda Unnarsdóttir, fulltrúi kennara  
Finnbogi Jakobsson, fjármálastjóri NFFG  
Guðmundur Stefán Gíslason, verkefnastjóri  
Kristinn Þorsteinnsson, skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir, áfangastjóri og fundarritari  
Petrún B. Jónsdóttir, forvarnafulltrúi  
Steinunn Anna Svansdóttir, fulltrúi NFFG  
Tinna Ösp Arnardóttir, félagsmálafulltrúi  
Unnur Símonardóttir, náms- og starfsráðgjafi